

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Reykjavík, 10. mars 2022

Skuggasundi 1

101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003

Samtök atvinnulífsins (SA) hefur tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 4. mars 2022. Með frumvarpinu er brugðist við nýlegum úrskurðum úrskurðarnefndar raforkumála og lagt er til að tekið verði sérstaklega fram í lögunum að stjórnvöldum sé heimilt að sjá til þess að þeir sem eru með virka neysluveitu hafi ávallt gildan raforkusölusamning við sölufyrirtæki.

Í framangreindum úrskurðum taldi úrskurðarnefnd raforkumála ákvæði reglugerðar um útnefningu Orkustofnunar á söluaðila til þrautavara skorta lagastoð. Á samráðsgáttinni kemur fram að með slíkri útnefningu Orkustofnunar sé átt við að notendur sem ekki hafa gildan raforkusölusamning við sölufyrirtæki eru settir í viðskipti við það sölufyrirtæki sem Orkustofnun hefur útnefnt söluaðila til þrautavara. Vegna áðurnefndra úrskurða er tilefni til að styrkja frekar lagastoð fyrir heimildum stjórnvalda til að grípa til ráðstafana til að tryggja að virkir notendur raforku hafi í gildi raforkusamning við sölufyrirtæki, svo sem heimild stjórnvalda til að útnefna sölufyrirtæki til þrautavara.

Það er mat samtakanna að skilvirkni og hagkvæmni á íslenskum raforkumarkaði sé lykilatriði í samkeppnishæfni Íslands. Það er fagnaðarefni að stjórnvöld bregðist skjótt við úrskurðum úrskurðarnefndar raforkumála þannig að löggjöfin endurspegli gildandi framkvæmd. Samtökin taka undir það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð í frumvarpinu um að markmið þess fyrirkomulags sem nú gildir hafi verið að gera neytendur meðvitaðri um rétt sinn til að velja sér raforkusala og að þeir nýti sér þann rétt í þeim tilgangi að auka samkeppni á smásölumarkaði. Skráning notanda á söluaðila til þrautavara átti að vera undantekningartilvik til að tryggja notendum raforku. Hins vegar sé ljóst, líkt og fram kemur í greinargerðinni, að markmið núverandi fyrirkomulags hafa ekki náðst og ávinningurinn óljós, ef nokkur.

Að þessu rituðu telja samtökin að nauðsynlegt sé að skýr afstaða verði tekin í lögunum um hvert markmið fyrirkomulagsins er. Engar efnisreglur má finna í frumvarpsdrögunum um hvert það markmið á að vera, þ.m.t. hlutverk og markmið söluaðila, eða um meginreglur um það hvernig val á söluaðila fer fram og verðlagningu þess aðila. Þessi atriði þurfa að vera skýr svo lögin sem og reglugerðin geti raunverulega stuðlað að aukinni samkeppni á rafmagnssölumarkaði.

Við þetta má bæta að líkt og fyrirkomulagið um val á sölufyrirtæki til þrautavara var sett upp skv. reglugerð nr. 115/2019, og í leiðbeiningum Orkustofnunar, er ákvæðið íþyngjandi fyrir



aðra raforkusala en þann sem er valinn. Um er að ræða töluvert inngrip sem getur haft í för með sér skerðingu á atvinnufrelsi raforkusala vegna þess að fyrirkomulagið felur í sér að notendur eru fluttir yfir til söluaðila til þrautavara í þeim tilvikum þegar notandi er með skráða neysluveitu hjá fleiri en einum söluaðila. Vegna þessara sjónarmiða er enn ríkari ástæða til þess að lagaheimildin að baki fyrirkomulaginu sé skýr. s

Hvað varðar meðferð málsins á samráðsgáttinni telja samtökin rétt að benda á að stjórnvöld hafa lagt áherslu á gæði lagasetningar, þ.á m. undirbúning og frágang frumvarpa sem stendur til að leggja fyrir Alþingi. Rík áhersla hefur verið lögð á innra og ytra samráð á undirbúningstímanum. Ætla verður að tilgangurinn sé að tryggja eftir fremsta mætti að allir, stofnanir, fyrirtæki, einstaklingar, ríkisstjórn, sveitarfélög o.fl. fái tækifæri til að koma sinni afstöðu á framfæri áður en frumvarpi er komið í endanlegt horf.

Gagnsemi slíks samráðs ætti vera óumdeild, eftir því sem fleiri fá tækifæri til að gaumgæfa lagafrumvarp á undirbúningsstigum þeim mun meira aukast líkur á að lagasetning verði vel heppnuð. Í því máli sem hér ræðir var frumvarpið sett inn á samráðsgátt 4. mars sl. og umsagnarfrestur var til 10. mars, eða tæpri viku síðar. Því er ljóst að umsagnarfrestur frumvarpsdraganna var ekki í samræmi við ákvæði lokamálsliðar 2. mgr. 9. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna, en þar er kveðið á um að minnsta kosti tveggja vikna frest. Þá virðist heldur ekki hafa átt sér stað samráð við hagaðila á rafmagnssölumarkaði.

Þó skal tekið fram að reynsla samtakanna af samráði um lagafrumvörp á undirbúningsstigi á samráðsgátt stjórnvalda er jafnan mjög góð. Þær ábendingar sem þar koma fram hafa jafnan mjög jákvæð áhrif á efni lagafrumvarpa.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins


Árni Grétar Finnsson